

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Álftaness 2005-2024, miðbær.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 29. apríl 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Álftaness 2005-2024 frá 19. maí 2006.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Norðurnesvegur færirst til austurs frá gatnamótum Álftanesvegur að innkeyrslu að Asparvík.
2. Suðurnesvegur færirst til suðurs við gatnamót Höfðabrautar.
3. Hluti Breiðumýrar, frá Birkiholti að Suðurnesvegi, fellur út en aðkoma að stofnanasvæði verður um nýjan safnveg, Skólaveg, norðan miðsvæðis.
4. Miðsvæði (blönduð landnotkun miðsvæðis og íbúðarsvæðis) stækkar til vesturs, norðurs og austurs á kostnað opins óbyggðs svæðis, opins svæðis til sérstakra nota og svæðis fyrir þjónustustofnanir. Svæði blandaðrar landnotkunar breytist úr 12,3 ha í 15,2 ha.
5. Íbúðarsvæði við Sviðholt norðan Suðurnesvegur minnkar úr 3,1 ha í 2,7 ha og tengist blandaðri byggð á miðsvæði.
6. Stofnanasvæði við skólann stækkar til norðvestur á kostnað opins svæðis til sérstakra nota L1 en minnkar til suðurs. Svæðið stækkar úr 5,1 ha í 5,3 ha.
7. Opið svæði til sérstakra nota L3 stækkar til vesturs úr 1,9 ha í 2,4 ha. Tákni er breytt í L4, þar sem L3 var sérgreint sem leiksvæði.
8. Lega göngustíga breytist. Aðalstígur sem tengir saman miðsvæðið beggja vegna Suðurnesvegur fer um undirgöng undir veginn. Aðalstígur sem liggur vestan við Norðurnesveg og Álftanesveg færirst austur fyrir Álftanesveg. Nýr aðalstígur liggur frá Breiðumýri að skóla- og íþróttasvæði norðan íþróttahúss.
9. Lega reiðstíga við Suðurnesveg breytist. Í stað þess að fylgja Suðurnesvegi að gatnamótum Álftanesvegur fer hann milli Kirkjubrúar og miðsvæðis að Álftanesvegi.
10. Reiðstígur sem liggur austan Norðurnesvegur og austan við Álftanesveg breytist. Sá hluti sem liggur austan við Álftanesveg færirst vestur fyrir Álftanesveg.
11. Leyfilegt hámarksnýtingarhlutfall lóða fyrri rað- og parhús hækkar úr 0,60 í 0,70 og hámarksnýtingarhlutfall á lóðum þjónustustofnana með eða án íbúða hækkar úr 1,20 í 2,50.
12. Á miðsvæðinu verður heimilt að byggja bílageymslur/geymslur í kjallara til sameiginlegra nota fyrir 6 eða fleiri íbúðareiningar og verslun og þjónustu, en ekki fyrir einstakar íbúðareiningar. Einnig verður heimilt að hafa kjallara fyrir tæknirými byggingar, Niðurgrafnar bílageymslur/geymslur eru heimilar á stofnanasvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirlit og sent ráðherra til staðfestingar.

Nr. 441

29. apríl 2008

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 29. apríl 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2008